

**518. fundur Hreppsnefndar TálknafjarðarhreppsHreppsnefndar
Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 18. desember 2017
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Indriði Indriðason (II), aðalmaður, Kristinn Hilmar Marinósson (KHM),
aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ), formaður, Jón Örn Pálsson
(JÖP), aðalmaður og Ásgeir Jónsson (ÁJ), Aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Indriði Indriðason, Sveitastjóri

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og gerði sjálf athugasemd.

Oddviti gerir athugasemd við fundarboð. Fundarboð er illa unnið, dagskrárliði
sem og skjöl undir dagskrár liði vantar.

Á síðasta fundi sveitarstjórnar óskaði oddviti eftir því í athugasemd við
fundarboð að samráð sé haft við hana varðandi boðun funda en hún hefur
einnig ítrekað óskað eftir því áður við sveitarstjóra. Samkvæmt 9. gr.
samþykktu um stjórn Tálknafjarðarhrepps skal sveitarstjóri boða fund í
samráði við oddvita en þar segir „Sveitarstjóri, í samráði við oddvita, boðar
fundi“ Enn fremur stendur „Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn
sem eru nauðsynleg til að sveitarstjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til
mála sem þar eru tilgreind.“ En í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 segir
einnig í 4. mgr. 55 greinar um hlutverk framkvæmdastjóra „Framkvæmdastjóri
skal sjá um að fundir sveitarstjórnar ... séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi
að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst.“

Telur oddviti að sveitarstjóri hafi ekki sinnt þessu sem skyldi.

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var rætt um orðið „samráð“ og túlkun á því.
Þrátt fyrir túlkunaratriði stendur orðið og á það skyldleika við orð eins og
umræða, viðræður og umfjöllun. Nánari skilgreining er „það ferli að ræða, fjalla
um eða semja um“.

Oddviti gerði breytingartillögu að eftirfarandi mál bætist við dagskrá:

Svar við fyrirspurn vegna fasteignakaupa og sölu Tálknafjarðarhrepps verði
tekið á dagskrá sem mál 12. Málið var áður tekið fyrir á fundi hreppsnefndar
nr. 516 í október sl. en svar hefur ekki enn verið sent bréfitara. Mál frá
eftirlitsnefnd sveitarfélaga sem frestað var á síðasta fundi hreppsnefndar verði
mál 13 og tekin verði fyrir eineltisáætlun fyrir starfsmenn og
sveitarstjórnarfulltrúa Tálknafjarðarhrepps, verði það mál 14. Önnur mál færast
niður á dagskrá sem því nemur.

Dagskrá:

1. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 30 - 1712001F

*Tekin er til afgreiðslu fundargerð 30. fundar Byggingar-, skipulags og
umhverfisnefndar frá 11 desember 2017. Fundargerðin er í 6 liðum og eru liðir 1. og 5
teknir til fullnaðarafgreiðslu.*

Fundargerðin er staðfest.

samþykkt samhljóða.

- 1.1 **1710010 - Umsókn um byggingarleyfi. Nýr eldsneytisgeymir á bryggjunni á Tálknafirði.**
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulag og umhverfisnefndar.
Samþykkt samhljóða.
- 1.2 **1712033 - Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps. Breyting á aðalskipulagi við Dunhaga.**
- 1.3 **1712032 - Deiliskipulag. Lóð undir fiskeldi og seiðisstöð.**
- 1.4 **1706011 - Aðalskipulagsbreyting : Deiliskipulag**
- 1.5 **1709003 - Norður botn. H1, umsókn um byggingarleyfi, lokun vatnshreinsikerja.**
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-, skipulag og umhverfisnefndar.
Samþykkt samhljóða.
- 1.6 **1712001 - Fráveita: Tillaga Samþykkt um fráveitur og rotþrær í Tálknafjarðarhrepp.**

2. **Atvinnu- og hafnarnefnd - 18 - 1712003F**

*Tekin er til afgreiðslu fundargerð 18. fundar Atvinnu-og hafnarnefndar frá 13 desember. Á fundinum var eitt málið tekið fyrir.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.*

2.1 **1711015 - Hafnarmál: gjaldskrá 2018**

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Atvinnu-og hafnarnefndar og felur sveitarstjóra að auglýsa gjaldskrá Tálknafjarðarhafnar í B-deild Stjórnartíðindum og staðfestir sveitarstjórn
Samþykkt samhljóða.

3. **Styrkur: Beiðni um styrk í Skinfxa - 1712018**

*Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.
Samþykkt samhljóða.*

4. Styrkur: Jólasöfnun 2017 - 1712031

*Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Fjölskylduhjálpi Íslands vegna jólasöfnunnar 2017 um 25 þús.kr.
Samþykkt með fjórum atkvæðum, einn situr hjá (II).*

5. Þjónustusamningur: Ráðgjafarvinna vegna innleiðingar á nýju persónuverndarlöggjöfinni GDPR. - 1712007

*Sveitarstjórn samþykkir framlagðan samning og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
Samþykkt samhljóða.*

6. Byggðakvóti : 2017-2018 - 1711037

Ásgeir Jónsson leggur fram eftirfarandi tillögu um útdeilingu á byggðakvóta.

Í samræmi við 2.gr reglugerðar 604/2017 vill sveitarstjórn óska eftir breytingu 4. gr. og verður sem hér segir:

Skipting þess aflamarks sem kemur til sveitarfélagsins, auk þess aflamarks sem kanna að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1.gr., ofangreindar reglugerðar og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2-3 gr., eftir því sem við á, á þann veg að:

- 1. 30% Af úthlutuðum byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps, auk þess aflamarks sem kanna að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal skipt jafnt á þá báta sem landað hafa sínum afla fiskveiðiaríð 2016-2017 í Tálknafirði og hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni og uppfylla skilyrði 1. gr, reglugerðarinnar.*
- 2. 70% Af úthlutuðum byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps, auk þess aflamarks sem kanna að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, af byggðakvóta Tálknafjarðarhrepps skal skipt í hlutfall við landaðan afla til vinnslu innan byggðarlaga í Vestur-Barðastrandarsýslu á fiskveiðiarínu 2016-2017. Komi minna en 100 þorskígildiskíló í hlut fiskiskips samkvæmt framangreindum reglum fellur hlutur þess niður og skiptist hann milli annarra fiskiskipa frá sama byggðarlagi sem uppfylla skilyrði fyrir úthlutun í samræmi við skiptingu samkvæmt úthlutunarreglum.*

6. gr sömu reglugerðar, 1. mgr. Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta í Tálknafjarðarhöfn til vinnslu innan byggðarlaga í Vestur-Barðastrandarsýslu á tímabilinu frá 1. september 2017 til og með 31. ágúst 2018. kemur í stað orðanna.

*„Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.“
Að öðru leiti heldur greinin sér.*

Tillagan er samþykkt með fjórum atkvæðum einn situr hjá (II).

7. Gjaldskrár 2018: Gjaldskrá fyrir sorphirðu, sorpeyðingu og endurvinnslu í Tálknafjarðarhreppi 2018. - 1711018

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu að gjaldskrá fyrir sorphirðu, sorpeyðingu og endurvinnslu og felur sveitarstjóra að auglýsa hana í B-Deild stjórnartíðindum.
Samþykkt samhljóða.*

8. Fjárhagsáætlun: Tálknafjarðarhrepps 2018-2021 síðari umræða. - 1712039

Fjárhagsáætlun 2018 -2021 tekin til síðari umræðu.

Í A-hluta voru helstu niðurstöður sem hér segir, upphæðir í þús. kr.:

Heildartekjur 346.037

Afkoma fyrir fjármagnsliði 23.327

Afskriftir 9.093 Afkoma ársins 17.278

Handbært fé 45.824

Eigið fé og skuldir 515.179

Skuldir og skuldbindingar 365.191

Eigið fé 149.988

Veltufjármunir 112.007.

Skammtímaskuldir alls 147.416

Veltufé frá rekstri (til rekstrar) 26.535

Handbært fé frá rekstri: 25.536

Fjárfestingar 11.000

Afborganir langtímalána 20.813

Í samstæðu A og B hluta voru helstu niðurstöður þessar: Heildartekjur 341.037

Afkoma fyrir fjármagnsliði 61.784

Afskriftir 18.684

Afkoma ársins 44.227.

Handbært fé í árslok: 45.824.

Eigið fé og skuldir 577.728.

Skuldir og skuldbindingar 303.752.

Eigið fé 273.976

Veltufjármunir 69.251.

Skammtímaskuldir alls 40.543.

Veltufé frá rekstri (til rekstrar) 68.305.

Handbært fé frá rekstri 68.305.

Fjárfestingar 17.500

Afborganir langtímalána 24.284

Eiginfjárlutfall 47%

Skuldahlutfall 68,4%

Framlegðarlutfall 5,74%

Veltufjárlutfall 1,65

Helstu fjárfestingar eru sem hér segir:

Í eignasjóði 11.000 þús.kr.

Í B hluta 6.500 Þús.kr.

Sveitarstjórn var sammála um að lækka vænt útgjaldajöfnunarframlag úr

Jöfnunarsjóði um 60 m.kr. sökum óvissu.

Í útgönguspá 2017 er gert ráð fyrir 40 m.kr lántöku, ljóst er að það fæst ekki greitt fyrir áramót og því mun það lán koma inn á árinu 2018. Sveitarstjóra er falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun 2018 og leggja fram samhliða lánasamningi.

Fjárhagsáætlun 2018 - 2021 er samþykkt samhliða.

9. Stjórnsýsla: Skár yfir netföng sveitarfélagsins - 1709056

Sveitarstjóri kynnti væntanlegar breytingar á netföngum sveitarfélagsins.

10. Innkaupareglur: Yfirferð á Innkaupareglum í samræmi við breytingar á lögum nr.120/2016. - 1711028

Vegna breytinga á lögum nr. 12/2016., er þörf að fara yfir núgildandi Innkaupareglur og hefur sveitarstjóri óskað eftir aðstoð lögfræðisviðs Sambands Íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt samhljóða.

11. Styrkbeiðni: vegna reksturs Aflsins - 1711032

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu.

Samþykkt samhljóða.

12. Fyrirspurn: vegna fasteignakaupa og sölu - 1704034

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra og Kristni H. Marinóssyni að leggja fram svarbréf á næsta sveitarstjórnarfundi.

Samþykkt samhljóða.

13. Ráðuneyti : Fyrirspurnir frá eftirlitsnefnd sveitarfélaga - 1712011

Ásgeir Jónsson vék af fundi.

Sveitarstjóri upplýsti nefndarmenn að eftirlitsnefnd hefði fengið milliuppgjör ársins 2017, ásamt útgönguspá ársins.

Sveitarstjóra er falið að senda nefndinni ný samþykka fjárhagsáætlun 2018-2021.

Sveitarstjóra falið að svara bréfitara.

Samþykkt samhljóða.

14. Stjórnsýsla: Eineltisáætlun vegna starfsmanna og sveitarstjórnarfulltrúa Tálknafjarðarhrepps. - 1712050

Lögð er fram tillaga að Eineltisáætlun fyrir Tálknafjarðarhrepp. Sveitarstjórn vísar áætluninni til seinni umræðu.

Samþykkt samhljóða.

15. Upplýsingagjöf sveitarstjóra: 18.12.2017 - 1712041

Á liðnu ári er ekki úr vegi að líta við og skoða hvað hefur áunnist á árinu.

Í íþróttasal var settur nýr dúkur á gólflið og nýtt hljóðkerfi. Rekstur hússins hefur aldrei verið betri, en með bættri tekjuskráningu hefur mikið áunnist. En einnig vill sveitarstjóri þakka Bjarnveigu Guðbrandsdóttur, sem hefur í samtari við Hjallastefnuna verið með forstöðu í húsinu. Það var mikil happafengur að fá Bjarnveigu og hefur það skilað sér í betri umgengni, ánægðum viðskiptavinum og síðast en ekki síst er afkoma hússins gjörbreytt.

Tjaldsvæði í Tálknafirði er rekið sem hluti af íþróttamiðstöð. Tekjur af tjaldsvæðinu hafa nær fjórfaldast á milli ára, þar ber að þakka Bjarnveigu og hennar ágæta starfsfólki sem sinnt hefur sínu starfi af kostgæfni. Bestu þakki til Bjarnveigar og starfsmanna í íþróttahúsi.

Hafnarsjóður hefur líka tekið miklum breytingum og hafa tekjur hafnarsjóðs nær tvöfaldast á milli ára.

Fasteignafélagið 101 Tálknafjörður seldi þrjár eignir á árinu fyrir rúmar 30 m.kr. En

518. fundur
18. desember 2017

*umræddar eignir veru hluti af þeim eignum sem Þórsberg setti í félagið. Á árinu var sótt um styrk til Orkusjóðs til að mæta kostnaði við uppbyggingu á Hitaveitu í Tálknafirði. Þar sem ekki hefur komið svar frá Orkusjóði þá er framkvæmdir við hitaveitu settar á bið þar að svar berst.
Sveitarstjóri vill færa íbúum bestu jóla og nýársóskir.*

16. Votlendi: Vernd og endurheimt votlendis – 1712024

Til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:45.

Indriði Indriðason (II)

Kristinn Hilmar Marinósson
(KHM)

Eva Dögg Jóhannesdóttir
(EDJ)

Jón Örn Pálsson (JÖP)

Ásgeir Jónsson (ÁJ)